LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

# Stefnumótun 2008 - 2012

# GERÐ STEFNUMÓTUNAR BYGGIR Á FYRRI STEFNUMÓTUN 2007 - 2011

## Helstu áhrifaþættir

– Eftirspurn
– Þarfir listalífs og atvinnumarkaðar
– Möguleikar til samlegðar
– Þróun í samstarfsskólum erlendis
– Breytingar í lagaumhverfi
– Úttektarskýrsla menntamálaráðuneytis 2007
– Skóli í hjarta höfuðborgar

Unnin í samstarfi stjórnar skólans, stjórnenda, akademískra starfsmanna og starfsfólks stoðsviða.

## Tímarammi

Stefnumótun 2008 - 2012

Stefnt að samningi til 5 ára: 2009 - 2014 með endurskoðun 2012

## Helstu atriði stefnumótunar

### Stefnuyfirlýsing

– Hlutverk

– Gildi

– Stefna

– Markmið

### Skipulag

– Starfsemi

– Stjórnsýsla

– Deildir

## Hlutverk

Hlutverk Listaháskóla Íslands er að efla framsækna hugsun í listum og menningu og örva hvers konar nýsköpun og þróun á öllum sviðum.



## Hlutverk …

Skólinn veitir listmenntun á háskólastigi, stendur fyrir rannsóknum í listum og listfræðum, og eflir frumlega hugsun og nýsköpun í þeim listgreinum sem skólinn lætur sig varða.



## Hlutverk …

Listaháskólinn starfar í alþjóðlegu umhverfi og miðar sig við þá skóla í nágrannalöndunum sem þykja skara fram úr í kennslu og miðlun þekkingar á sviðum lista.

*Listaháskólinn hefur viðurkenningu menntamálaráðherra á sviði lista, dags. 5. sept. 2007*

## Gildi

Í allri starfsemi og viðfangsefnum eru þrjú megingildi sem stýra viðhorfum okkar og nálgun:

**FORVITNI**

**SKILNINGUR**

**ÁRÆÐI**



# EINSTAKUR SKÓLI

## FÁMENNUR, FJÖLBREYTTUR ÚRVALSSKÓLI: SKÓLI ALLRA LISTGREINA

MOTTÓ:

**SKÖPUN**
**MIÐLUN**
**FRÆÐSLA**

– MARGAR LISTGREINAR
– FÁIR NEMENDUR
– KRAFTMIKIÐ STARFSFÓLK
– PERSÓNULEGUR SKÓLI

SKÖPU
MIÐLUN
FRÆÐSLA

# ÞRÓUNARMÖGULEIKAR

AUKIN FJÖLBREYTNI Í NÁMSFRAMBOÐI - fleiri listgreinar og námssvið
BÆTA VIÐ SKÓLASTIGUM - meistaranám
RANNSÓKNIR OG LISTSKÖPUN
STARFSEMI UTAN SKILGREINDS HÁSKÓLANÁMS

LISTGREINAR / NÝJAR BRAUTIR:
KVIKMYNDIR, LJÓSMYNDIR
KENNSLA / MIÐLUN:
KENNARANÁM, LISTMIÐLUN, LEIÐTOGANÁM
FJÖLMIÐLUN:
ÚTVARP, SJÓNVARP, NETMIÐLAR,
BLAÐAMENNSKA

ÞVERFAGLEGT NÁM

ÆÐRA SKÓLASTIG:
RANNSÓKNIR, MEISTARANÁM
SKÓLINN OG SAMFÉLAGIÐ:
OPNI LISTAHÁSKÓLINN, ALÞJÓÐLEGUR SUMARHÁSKÓLI,
VETTVANGUR LISTA, ATVINNULÍFS OG AKADEMÍU

# TÍMAMÓT

| 1999 | | 2009 |
|---|---|---|
| BAKKALÁRNÁM<br>KENNSLA | ▶ | MEISTARANÁM<br>RANNSÓKNIR / LISTSKÖPUN |
| VÍTT OG BREITT UM BORG | ▶ | NÝBYGGING Í HJARTA HÖFUÐBORGAR |
| ÞIGGJANDI<br>SKAPA SÉR SESS | ▶ | GEFANDI<br>GERA SIG GILDANDI |

## Stefna

Listaháskólinn er samfélag nemenda, fræðimanna, kennara og annarra starfsmanna þar sem jafnræði og virðing ríkir í öllum samskiptum.

Skólinn býður uppá menntun til bakkalárgráðu á helsu sviðum lista. Nám til meistaraprófs verður í boði á tíu brautum í lok stefnutímabils.

Skólinn eflir rannsóknir í listum og lætur sig jafnframt varða rannsóknir þar sem listin sjálf getur verið efniviðurinn og miðillinn um leið.

Listaháskólinn hvetur til frumkvæðis kennara og nemenda til sjálfstæðrar listsköpunar, og veitir þeim þann aðbúnað og stuðning sem forsendur starfseminnar leyfa.

## Stefna …

Skólinn nýtir ávinninginn af sambýli ólíkra listgreina til að tengja nemendur og kennara í verkefnum.

Skólinn beitir sér fyrir framförum á sviði lista, tekur frumkvæði í umræðu um mennta- og menningarmál, setur upp sýningar og margvíslega listviðburði sem opnir eru almenningi og á samstarf við stofnanir, félög og einstaklinga um allt land.

Skólinn leggur áherslu á að akademískir starfsmenn hans séu starfandi listamenn eða fræðimenn og að sköpuð verði öflug tengsl við atvinnu- og listalíf.

Skólinn miðlar upplýsingum og þekkingu um listir og menningu til almennings og gefur starfandi listafólki tækifæri til að bæta við og endurnýja þekkingu sína.

**Stefna** …

Skólinn á í samstarfi við aðra íslenska háskóla til að nýta margskonar þekkingu, efla kynni nemenda og kennara og auka fjölbreytni í námi.

Skólinn starfar á alþjóðlegum grundvelli með víðtæku samstarfi, nemenda- og kennaraskiptum og með þátttöku í fjölþjóðlegum verkefnum.

*Stefna skólans byggist á því að skólinn starfi undir einu þaki og viðunandi húsnæðislausn fáist í samræmi við sérstöðu hans og fyrirliggjandi áform.*

# MARKMIÐ - ÁFRAMHALDANDI UPPBYGGING

**Yfirlit**

Samsetning náms / fjöldi nemenda

– bakkalárnám

– meistaranám fyrir listamenn og fræðimenn

– meistaranám / listkennsla

Rannsóknir og listsköpun

Stjórnsýsla / stoðþjónusta / bókasafn

Listaháskólinn og samfélagið

Húsnæði

# BAKKALÁRNÁM 2008 - 2012

HÖNNUN OG ARKITEKTÚR

MYNDLIST

LEIKLIST

TÓNLIST

NÝTT NÁM

- KIRKJUTÓNLIST (2008)
- LJÓSMYNDUN (2009)
- KVIKMYNDALIST (2009)

4 DEILDIR : 12 NÁMSBRAUTIR

+ 3 NÁMSBRAUTIR

5 DEILDIR : 15 NÁMSBRAUTIR

# BAKKALÁRNÁM 2008 - 2014

## BREYTINGAR Á NEMENDAFJÖLDA

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | FJÖLGUN ALLS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| TÓNLIST | + 3 | + 6 | + 6 | + 6 | + 3 | | + 24 |
| MYNDLIST | | + 4 | + 8 | + 8 | + 4 | | + 24 |
| HÖNNUN | + 6 | + 12 | + 12 | + 6 | | | + 36 |
| LEIKLIST | | | - 5 | - 5 | | | - 10 |
| KVIKMYNDALIST | + 4 | + 8 | + 8 | + 4 | | | + 24 |

2008 : 334 nemendur

+ 98 nemendur

2014: 432 nemendur

# KIRKJUTÓNLIST NÁMSBRAUT Í TÓNLISTARDEILD Í SAMVINNU VIÐ TÓNSKÓLA ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Markmið náms í kirkjutónlist er að undirbúa nemendur fyrir störf í kirkjum landsins og veita þeim alhliða þjálfun sem leiðandi tónlistarmenn í samfélagi sínu. Tónskóli þjóðkirkjunnar leggur til námskeið allt að 60 einingum sem lúta að þeirri sérhæfingu sem kirkjutónlist krefst.

Við lok námsins skal nemandinn hafa yfir að ráða víðfeðmri þekkingu á hinum ýmsu þáttum kirkjutónlistar, s.s. í orgelleik, litúrgískum orgelleik og kórstjórn, og búa ennfremur yfir færni og kunnáttu í undirstöðuþáttum tónlistar, s.s. í tónfræðum, tónbókmenntum, tónheyrn og stafrænum miðlum.

Nemandinn lýkur námi sínu með sérstökum lokatónleikum á orgel og lokaritgerð.

– 3ja ára nám til BA gráðu, 180 einingar.

– Áætlaður nemendafjöldi: 3 - 5 á ári, alls 9 - 15 nemendur.

– Kennsluskrá og námslýsingar liggja fyrir.

– Hófst haustið 2008.

Markmiðið með náminu er að nemendur öðlist kunnáttu og færni til að geta stundað ljósmyndun á breiðum grunni. Þeir þurfa að geta beitt henni jafnt til listsköpunar, greiningar og skrásetningar og vera undirbúnir fyrir að starfa sjálfstætt í faginu.

Starfsvettvangur: listræn ljósmyndun, tískuljósmyndun, blaða- og fréttaljósmyndun, arkitektúrljósmyndun, sérhæfð ljósmyndun fyrir ýmsa fagaðila, stofnanir og fyrirtæki, myndstjórnun, myndvinnsla, kennsla.

Með námsbraut í ljósmyndun verður í fyrsta skipti til á Íslandi faglegur vettvangur fyrir umfjöllun og umræðu um eina mikilvægustu listgrein samtímans.

– 3ja ára nám til BA gráðu, 180 einingar.
– Nemendafjöldi: 12 nemendur á ári, alls 36 nemendur.
– Kennsluskrá og námslýsingar liggja fyrir.
– Hefst 2009.

Tilgangur námsins er að veita heildstæða menntun í grunnþáttum kvikmynda-listarinnar. Í því felst að styrkja menntunarlegan grunn frumhöfunda og efla tengsl þeirra á milli, opna möguleika kvikmyndafólks til skiptináms, auka skilning kvikmyndafólks á öðrum listgreinum, og undirbúa kvikmyndafólk fyrir framhaldsnám erlendis og til að geta unnið sjálfstætt á atvinnumarkaði.

Megináhersla er lögð á menntun í handritsgerð, leikstjórn, myndatöku og framleiðslu. Námið byggist á ýmsum þáttum, m.a. tæknigreinum, fræðum, og þekkingu á framkvæmd og verkefnastjórnun. Mikilvæg samnýting fæst með öðrum deildum skólans. Námi lýkur með stóru lokaverkefni.

Með stofnun sjálfstæðrar kvikmyndadeildar er stigið mikilvægt skref í þá átt að auka virðingu fyrir greininni og efla almenna þekkingu á kvikmyndalist í landinu.

– 3ja ára nám til BA gráðu, 180 einingar.

– Nemendafjöldi: 8 nemendur á ári, alls 24 nemendur.

– Kennsluskrá og námslýsingar liggja fyrir.

– Hefst 2009.

# MEISTARANÁM 2008 - 2012

## NÁMSBRAUTIR OG FJÖLDI NEMENDA

| 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
|---|---|---|---|---|
| TÓNSMÍÐAR | TÓNLISTARMIÐLUN | HÖNNUN | DEIGLAN | DEIGLAN |
| | ARKITEKTÚR | SÝNINGASTJÓRN | RITLIST SKÁLDSKAPUR | |
| | MYNDLIST | | LEIKARANÁM | |

2008 = 5 nemendur

+ 111 nemendur

116 nemendur = 2012

# TÓNSMÍÐAR NÁMSBRAUT Í TÓNLISTARDEILD

Markmiðið með meistaranámi í tónlist er að auka fjölhæfni og víðsýni nemandans og opna honum fleiri starfsmöguleika í fjölbreyttu tónlistarlífi samtímans.

Nemandinn nýtir sér aðferðafræði rannsóknarsamfélagsins til sköpunar/verkefnisþróunar, þar sem saman fer eldri aðferðafræði í bland við nútímalegri nálgun.

Lögð er áhersla á að nemandinn þrói með sér gagnrýnin viðhorf á eigin listsköpun og fái þjálfun í að takast á við verkefni í tengslum við aðrar listgreinar.

– 2ja ára nám til MA gráðu, 120 einingar

– Nemendafjöldi: 5 nemendur á ári, alls 10 nemendur

– Kennsluskrá og námslýsingar liggja fyrir

– Hófst haustið 2008

*Tónlistarmiðlun* er nýtt nám á meistarastigi sem Listaháskólinn ásamt 4 öðrum evrópskum tónlistarháskólum hafa undirbúið í sameiningu. Enska heitið er "Joint Music Master for New Audiences and Innovative Practise." Námið er rekið í samvinnu skólanna og ýmissa stofnana utan þeirra. Samstarfsaðilar á Íslandi eru Tónlistarskólinn á Ísafirði og Háskólasetur Vestfjarða.

Markmiðið með náminu er að þjálfa nemendur í að þróa og stjórna skapandi verkefnum við mismunandi aðstæður, og efla með þeim áræði og dug til að gerast leiðtogar á á sínu sviði. Aðaláherslur eru: listræn- og verkefnastjórnun, frumkvöðla-starf í tónlist, myndun nýrra áheyrendahópa, myndun verkefna þar sem saman koma nemendur með ólíkan menningarlegan bakgrunn og listafólk úr ólíkum greinum.

Með námi í *tónlistarmiðlun* er komið til móts við kröfur hins alþjóðlega tónlistar-samfélags þar sem m.a. ný tækni, ný atvinnutækifæri, vaxandi gæðakröfur og fjölþjóðamenning eru áhrifavaldar.
.

– 2ja ára nám til MA gráðu, 120 einingar.

– Nemendafjöldi: 7 nemendur á ári, alls 14 nemendur.

– Kennsluskrá og námslýsingar liggja fyrir.

– Hefst haustið 2009.

Markmið námsins er að mennta arkitekta með fullgild próf fyrir starfsheitið arkitekt í samræmi við alþóðlegar kröfur og skilgreiningar. Námið er framhald af námsbraut í arkitektúr til BA prófs. Lögð er áhersla á að virkja áhuga, hæfileika, og ábyrgð nemenda til að móta góðan arkitektúr í heimi sérhæfingar.

Arkitektúr er grein á mörkum listar og tækni, og er við samsetningu námsins lögð sérstök áhersla á að skapa jafnvægi á milli þessara þátta. Skólinn nýtir samlegðina sem fæst með samvinnu við aðrar brautir og tenginum við aðrar deildir skólans. Þá verður það ríkur þáttur í náminu að vísa til sértækra byggingahátta við íslenskar aðstæður.

Íslendingar standa frammi fyrir stórkostlegum verkefnum um mótun byggðar í landinu og er námsbraut á æðra háskólastigi forsenda þess að hér geti orðið fræðileg og marktæk umfjöllun um þann stóra og flókna málaflokk.

– 2ja ára nám til MA gráðu, 120 einingar.

– Nemendafjöldi: 7 nemendur á ári, alls 14 nemendur.

– Frumtillögur liggja fyrir.

– Hefst haustið 2009.

# MYNDLIST - LISTSKÖPUN NÁMSBRAUT Í MYNDLISTARDEILD

Markmið námsins er að dýpka þekkingu og skilning nemenda á myndlist og gera þá hæfari til að starfa sem atvinnulistamenn. Námið tekur mið af kennsluaðferðum og námsumhverfi deildarinnar og þeirri s érstöðu skólans sem felst m.a. í náinni samvinnu deilda og tengingu listgreina.

Námið er einstaklingsmiðað og vísar til rannsóknahefða og aðferða innan greinarinnar. Nemendur geta sérhæft sig við ákveðna miðla eða tjáningu á sama tíma og þeir taka þátt í þverfaglegri samræðu ólíkra listgreina innan skólans. Þannig styður námið við listræna sýn nemenda um leið og það endurspeglar víðtækt svið og hræringar í samtímamyndlist.

Með meistaranámi í myndlist skapar Listaháskólinn forsendur fyrir menntun sjálfstæðra og öflugra atvinnulistamanna, sem geta tekist á við verkefni er krefjast listræns innsæis og frumkvæðis í alþjóðlegu umhverfi.

– 2ja ára nám til MA gráðu, 120 einingar

– Nemendafjöldi: 8 nemendur á ári, alls 16 nemendur

– Drög að kennsluskrá og námslýsingum liggja fyrir

– Hefst haustið 2009

Markmið meistaranáms í hönnun er að skapa hér á landi grundvöll fyrir sérhæfða menntun og framþróun í ört vaxandi atvinnugrein sem getur orðið meginstoð í framþróun íslensk atvinnulífs.

Námið tekur til mismunandi hönnunargreina og verður lögð áhersla á að nýta þá möguleika sem fást með samlegð við aðrar greinar innan skólans. Rannsóknir taka mið af sérstöðu menningarinnar og þeirra hefða og þekkingar sem hér hefur skapast.

Sérstök áhersla verður lögð á að sækja á ókönnuð mið gagnvart atvinnulífi úti í byggðum landsins.

Með framhaldsnámi nýtist sú þekking og kunnátta hér innanlands sem annars myndi verða öðrum þjóðum að gagni.

– 2ja ára nám til MA gráðu, 120 einingar.

– Nemendafjöldi: 5 nemendur á ári, alls 10 nemendur.

– Frumtillögur liggja fyrir.

– Hefst haustið 2010.

# SÝNINGARSTJÓRNUN NÁMSBRAUT Í MYNDLISTARDEILD

Markmið náms í sýningarstjórnun er að efla fagumhverfi myndlistar með menntun sérfræðinga, sem eru hæfir til að vinna að framgangi myndlistar á breiðu sviði. Námið er bæði verklegt og fræðilegt og tekur mið af þeirri sérstöðu skólans sem felst í möguleikum til náinnar samvinnu deilda og tengingu listgreina.

Nemendur læra gerð sýninga, allt frá fyrstu hugmynd til lokaútfærslu, og þeir fá sérstaka þjálfun í liststjórnun og skrifum um myndlist. Það viðmið er haft að nemendur geti tekist á við síkvik og margbreytileg verkefni og þeir hafi skilning á hvernig myndlistin tengist í stærra samhengi.

Sérstök áhersla er lögð á að verðandi sýningarstjórar geti unnið í opnu umhverfi með safnafólki, galleríum, útgefendum og listamönnum, og geti opnað tengingar á milli hópa sem annars eru aðskildir. Jafnframt að þeir verði beinir þátttakendur með sjálfstæð viðhorf til þess hvernig megi koma myndlist á framfæri í alþjóðlegu samfélagi lista, menningar, menntunar og viðskipta.

– 2ja ára nám til MA gráðu, 120 einingar.

– Nemendafjöldi: 3 nemendur á ári, alls 6 nemendur.

– Frumtillögur liggja fyrir.

– Hefst haustið 2010.

# DEIGLAN

ÞVERFAGLEGAR NÁMSBRAUTIR, NEMENDUR AF ÖLLUM LISTSVIÐUM

*Deiglan* er þverfaglegt nám sem er ætlað að auka fjölhæfni og víðsýni nemandans ásamt því að fjölga möguleikum hans til starfa í fjölbreyttu listalífi samtímans.

Nemendur koma úr ólíkum áttum og er þeim teflt saman með það að markmiði að nýjar hugmyndir kvikni og þróist við það að þeir takast á við sömu viðfangsefni út frá mismunandi sýn.

Náminu er skipt niður í fjórar lotur. Í fyrstu þremur lotunum er unnið út frá skilgreindum temum og ráðast viðfangsefnin af þeim. Síðasta lotan er ætluð fyrir lokaverkefni sem unnið er í samvinnu við utanaðkomandi listastofnun eða fyrirtæki. Lokaverkefni getur ýmist verið hópverkefni eða einstaklingsverkefni.

Markmiðið er að þjálfa einstaklinga til þess að vera frumkvöðlar á sviði lista og koma auga á nýjar leiðir til að mynda tengsl milli ólíkra sviða innan samfélagsins.

– 2ja ára nám til MA gráðu, 120 einingar

– Nemendafjöldi: 10 nemendur á ári, alls 20 nemendur.

– Drög að kennsluskrá og námslýsingum liggja fyrir.

– Hefst haustið 2011.

# RITLIST / SKÁLDABRAUT

ÞVERFAGLEG NÁMSBRAUT, REKIN Í SAMVINNU VIÐ ALLAR DEILDIR

Tilgangur námsins er að efla skáldskaparlist í landinu með því að gefa nemendum af ólíkum sviðum tækifæri til að fá sambærilega þjálfun í skrifum og nemendur í öðrum listgreinum fá í sinni grein.

Í náminu er lögð áhersla á verklegar æfingar og tilraunir í ólíkum formum. Sérstaklega er í náminu að því stefnt að nemandinn fái það vald á skrifum sínum að textinn flæði frá huga til handar án umtalsverðar fyrirstöðu .

Samvinna við nemendur á öðrum brautum gefur möguleika til flutnings á texta í ólíkum útfærslum, s.s. á leiksviði, í kvikmynd, videói, í tónverki eða í myndrænni framsetningu.

Með námsbraut í ritlist innan umhverfis fjölbreytilegs listaháskóla verður brotið blað í menntun og undirbúningi íslenskra skálda og ritlistafólks.

– 2ja ára nám til MA gráðu, 120 einingar.

– Nemendafjöldi: 8 nemendur á ári, alls 16 nemendur.

– Frumtillögur liggja fyrir.

– Hefst haustið 2011.

# LEIKARANÁM NÁMSBRAUT INNAN LEIKLISTARDEILDAR

Tilgangur námsins er að dýpka skilning og þekkingu nemandans á starfi leikarans og auka þannig fagmennsku hans og starfsmöguleika.

Með fjölbreyttri og markvissri þjálfun fær hann innsýn í margbreytilegar vinnuaðferðir samtímaleikhússins og hann verður undirbúinn fyrir það fjölskrúðuga atvinnuumhverfi er bíður hans að námi loknu.

Námstímanum er skipt í fjórar ellefu vikna lotur. Hver lota hefur ákveðið þema og samanstendur af verklegum og fræðilegum námskeiðum. Námið er leitt hverju sinni af málsmetandi listamanni sem fær til liðs við sig sérfræðinga eftir viðfangsefnunum sem við er að fást. Hverri lotu lýkur með lokaverkefni eða sýningu.

Markmið námsins er að útskrifa nemendur sem hafa fjölbreytta þjálfun og eru færir um að taka sjálfstæðar ákvarðanir, nemendur sem líta á mismunandi aðferðir sem tækifæri til nýsköpunar.

– 1 árs nám (frá júní til maí) til MFA gráðu, 90 einingar.

– Nemendafjöldi: alls 10 nemendur.

– Frumtillögur liggja fyrir.

– Byrjar haustið 2011.

# MEISTARANÁM - LISTKENNSLA 2008 - 2009

## NÝ DEILD: LISTKENNSLUDEILD (TEKUR TIL STARFA 1. ÁGÚST 2009)

**KENNARANÁM**

Kennslufræði til starfsréttinda fyrir listamenn

til meistaraprófs

**LISTKENNSLA**
fyrir listamenn

til meistaraprófs

2008 = 30 nemendur

+ 10 nemendur

40 nemendur = 2009

Námið miðar að því að þjálfa listamenn til kennslu í sinni listgrein og efla með þeim persónulega færni og kunnáttu til að miðla þekkingu sinni á ýmsum vettvangi bæði innan skólakerfisins og utan.

Markmiðið er

- að veita afbragðsmenntun fyrir listgreinakennara þar sem tekið er mið af forsendum listgreina og vinnubrögðum listamanna,
- að mæta brýnni þörf fyrir öfluga og vel menntaða listgreinakennara á öllum skólastigum og hvetja til samvinnu um listkennslu,
- og hafa frumkvæði að samspili fræða og sköpunar með rannsóknum á sviðum listnáms og listgreinakennslu.

Skipulag námsins miðar að því að að þjálfa leiðtoga í listgreinakennslu þar sem listafólk úr ýmsum greinum vinnur saman og samhliða að kennslufræðilegum úrlausnarefnum.

– 2ja ára nám til MA gráðu, 120 einingar.

– Nemendafjöldi: 20 nemendur á ári (lágmark), alls 40 nemendur.

– Kennsluskrá og námslýsingar liggja fyrir.

– Hefst haustið 2009.

# RANNSÓKNIR OG LISTSKÖPUN

**Almennt:**

Listaháskólinn er eini háskólinn með viðurkenningu á fræðasviðinu *listir*. Með viðurkenningunni færist á skólann sú skylda að skapa faglegan vettvang fyrir rannsóknir á fræðasviðinu jafnframt því að tryggja gæði náms og prófgráða þannig að þau samsvari gildum og viðmiðum sem viðtekin eru í alþjóðlegu menntaumhverfi.

Skólinn vill styrkja grundvöll rannsókna og skapa forsendur fyrir sjálfstæðri listsköpun með tvennum hætti:

a) Í rannsóknum sem innifela bæði 'hugvísindalegar rannsóknir' þar sem beinlínis er fjallað um viðfangsefni listanna og 'listrænar rannsóknir,' þar sem listin sjálf er efniviðurinn og miðill hennar um leið.

b) Í listsköpun og listtúlkun þar sem sérstaða skólans nýtist til að hrinda af stað og þróa listverkefni, sem eru framsækin og ætla má að beri með sér nýsköpun sem annars hefði ekki orðið til.

Listaháskólinn leitar samstarfs við menntayfirvöld um uppbyggingu og þróun rannsókna og listsköpunar innan hins akdemíska umhverfis lista.

**Rannsóknastefna Listaháskólans:**

- að Listaháskólinn sé leiðandi í rannsóknum á fræðasviðinu *listir* hér á landi.
- að skólinn sé vettvangur fyrir listamenn og fræðimenn með hæfni og metnað til að sinna rannsóknum og listsköpun.
- að tryggja opið og skapandi rannsóknar- og listsköpunarumhverfi.
- að efla tengsl við aðrar háskólastofnanir og atvinnulíf innanlands sem erlendis.
- að styrkja innviði til rannsókna og rannsóknaþjónustu skólans.
- að tryggja að rannsóknir og aðferðir rannsókna séu snar þáttur í uppbyggingu námsbrauta á meistarastigi.
- að miðla og dreifa niðurstöðum rannsókna með útgáfu eða hvers kyns sýningum og flutningi á verkum.
- að nýta möguleika til þverfaglegra rannsóknaverkefna.

# RANNSÓKNIR

**Helstu markmið:**

- Fyrsta ráðstefna um listrannsóknir, haldin haustið 2008.
- Gefa út rannsóknarstefnu fyrir skólann í heild, haust 2008.
- Fyrstu rannsóknarstöður háskólakennara, frá og með hausti 2008.
- Gera samning um rannsóknir og listsköpun við menntamálaráðuneyti, haust 2008.
- Samræma námskeið í aðferðafræðum rannsókna fyrir allar deildir, lokið vorið 2009.
- Móta rannsóknaráherslur fyrir hverja deild, lokið vorið 2011.
- Koma á fót ytri matsnefnd (‘External Evaluation Board’), tekur til starfa haustið 2011.

## STJÓRNSÝSLA

Í áætlun um endurskipulagningu stjórnsýslu er gert ráð fyrir eftirfarandi nýjungum:

- Samráð rektors, framkvæmdastjóra og deildarforseta skólans fær formlegan sess í stjórnskipun skólans sem *framkvæmdaráð.*
- Nýr vettvangur um akademísk málefni verður stofnaður innan skólans. Hlutverk hans er að vera rektor og stjórn skólans til umsagnar og ráðgjafar um faglega þætti skólastarfsins. *Akademíska ráðið* verður skipað rektor, deildarforsetum, háskólakennurum, fulltrúum stundakennara og fulltrúum nemenda.
- Stofnað verður *ráðgjafaráð* skipað erlendum sérfræðingum í þeim listgreinum sem starfsemi skólans tekur til.

Endurskipulagning stjórnsýslu tekur mið af þeim breytingum sem verða á starfsemi skólans með flutningi í eina byggingu 2011.

## STTOÐÞJÓNUSTA - BÓKASAFN

Stefna bókasafns felur í sér eftirfarandi þætti:

- að sinna því hlutverki sínu að vera mikilvægur vettvangur fyrir heimildasöfnun og rannsóknir um listsköpun og hönnun á Íslandi.
- að byggja upp safnkost sem fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru efri stigum háskólanáms í listum.
- að veita almenningi greiðan aðgang að hvers konar efni um listir og listfræðileg efni.
- að efla áhuga almennings á listum og menningu með öflugri upplýsingaveitu, kynningu og þjónustu á þeim sviðum sem skólinn starfar.
- að vefur safnsins veiti auðveldan aðgang að stafrænu efni, innlendu sem erlendu, og verði upplýsingagátt sem þjónar jafnt þörfum fræðimanna sem almennings.
- að skerpa ímynd safnsins sem þekkingarveitu og efla hlutverk þess sem forystuaflsmeðal íslenskra bókasafna.

Markmið skólans er að heildarsafnkostur nái 60.000 eintökum árið 2011

# LISTAHÁSKÓLINN OG SAMFÉLAGIÐ

Listaháskólinn er stærsta samfélag lista- og fræðimanna á Íslandi. Þar er vettvangur sérmenntaðs fólks af flestum sviðum lista og þar er sú gerjun hugmynda sem fylgir samskiptum fólks með ríkt ímyndunarafl og sterkar skoðanir.

Mikill fjöldi listafólks og sérfræðinga eiga erindi við skólann, hvort sem er til kennslu eða annarra starfa, og skólinn miðlar þekkingu og upplýsingum um listir til fagfólks og almennings.

Skólinn stendur fyrir fjölda viðburða þar sem koma gestir af ólíkum sviðum samfélagsins, og sýningar skólans eru fjölsóttar og umtalaðar, ekki síst af þeim kynslóðum sem láta sig hvers konar nýsköpun varða og tíðaranda.

Listaháskólinn starfar á alþjóðlegum grundvelli með víðtæku samstarfi, nemenda- og kennaraskiptum og með þátttöku í fjölþjóðlegum verkefnum.

# TENGSLANET LISTAHÁSKÓLANS



## MARKMIÐ

- Ný landsbyggðastefna: tekur gildi 2009
- Opni listaháskólinn: ný og endurskoðuð stefnumótun fullkláruð í byrjun árs 2010
- Alþjóðlegur sumarháskóli: greinargerð og tillögur tilbúnar í byrjun árs 2010
- Vettvangur Listaháskólans, listtofnana, samtaka listamanna og atvinnulífs um þróun og stefnu í listum og menningariðnaði: tekur til starfa 2011

# NÝBYGGING LISTAHÁSKÓLANS

**2008:**
**Niðurstöður úr samkeppni**
**Um hönnun húsnæðis.**

**2009:**
**Byrjun framkvæmda við nýju**
**Bygginguna.**
**Fyrsta skóflustunga um vorið.**

**2011:**
**Starfsemin öll undir eitt þak**
**um haustið.**

**2014:**
**Skólinn orðinn órjúfanlegur**
**hluti af mannlífi miðborgarinnar**
**í öflugri samræðu við atvinnulíf**
**og aðrar menntastofnanir**

## Að lokum

Listaháskólinn kynnir sig sem vettvang fyrir nútímalega listsköpun og samfélag þar sem áhersla er lögð á að skerpa sköpunargáfu nemenda.

Með starfsemi sinni vill hann taka virkan þátt í þjóðlífinu og tengja um leið íslenskan menningargrunn alþjóðlegu umhverfi lista, menningar og atvinnulífs.



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·